



## Mánudaginn 30. maí 2011 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu sveitarfélagsins á Húnavöllum.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Sveinfríður Halldórsdóttir, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Birgitta Halldórsdóttir, Jóhanna G. Jónasdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Guðjón E. Ólafsson Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Málefni leikskóla
3. Skóladagatal skólaárið 2011-2012
4. Kennslustundakvóti skólaárið 2011-2012
5. Önnur mál.

### 1. Fundarsetning.

Formaður setti fundinn kl. 20.35. Þorkell Ingimarsson og Bjarni G. Ragnarsson boðuðu forföll.

### 2. Málefni leikskóla.

Jóhanna Jónasdóttir og Þórunn Ragnarsdóttir ræddu málefni leikskólans og að marka þurfi einhverja stefnu varðandi starfstíma leikskólans. Gert er ráð fyrir að það verði sjö börn í leikskólanum næsta haust, gera þarf ráð fyrir tveim stöðugildum. Spurning er hvort unnt sé að samnýta störf skólaliða. Leikskólastjóri lagði til að leikskóli fari í jóla- og pákafrí um leið og grunnskóli og að opnunartími leikskóla fylgi sem mest grunnskólanum. Einnig lagði hún til að börn verði tekin í leikskólann frá eins árs aldri.

Í júní mánuði verður deildarstjóri með leikskólabörnin frá Vallabóli í leikskólanum á Blönduósi til 24. júní. Gert er ráð fyrir að Vallaból verði opnað aftur þann 8. ágúst nk.

Fræðslunefnd telur rétt að skoða málefni leikskólans sérstaklega. Jóhanna Jónasdóttir og Þórunn Ragnarsdóttir yfirlögðu fundinn

### 3. Skóladagatal skólaárið 2011-2012

Guðjón E. Ólafson gerði grein fyrir því að heimild væri til að stytta skólaárið eitthvað frá því sem nú er og taldi ekki óeðlilegt að fresta endanlegri ákvörðun um skóladagatal þar til það liggur fyrir hver þessi stytting er.

Fræðslunefnd samþykkti fyrirbyggjandi skóladagatal með fyrirvara um möguleika á ýmsum breytingum m.a. varðandi skólabyrjun, skólaslit og jólafrí.

Rætt var um það að koma íþróttaæfingum, sem verið hafa á mánudögum, inn á skólatíma.

### 4. Kennslustundakvóti skólaárið 2011-2012

Fræðslunefnd leggur til að kennslustundakvóti verði allt að 231 stund á viku og að bekkjasamsetning verði ákveðin síðar.

### 5. Önnur mál.

Fræðslunefnd telur rétt að skoðaðir verði möguleikar á að veita verðlaun fyrir námsárangur í 10. bekk í vetur, eins og verið hefur.

Fræðslunefnd gerir alvarlegar athugasemdir við ummæli og framkomu skólastjóra á skólaslitum Húnavallaskóla þann 26. maí s.l. og óskar eftir við hreppsnefnd að málið verði skoðað nánar.

Formaður kynnti eftirfarandi erindi sem barst inn á fundinn: Jóhanna Gunnlaugsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

*„Við undirritaðir foreldrar nemenda í 10. bekk á Húnavöllum skólaárið 2010-2011 óskum eftir að óháður utanaðkomandi aðili verði fenginn til að fara yfir og meta lokapróf í dönsku sem þau tóku í vor.*

*Ástæða þessarar beiðni er að við teljum einkunnir séu mjög lágar og prófið því of þungt eða einkunnargjöf sé mjög ströng.“*

Erindið undirrituðu: Valur Magnússon, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Arna María Sigurbjargardóttir, Jakob Sigurjónsson, Sesselja Sturludóttir og Ólöf Einarsdóttir.

Fræðslunefnd óskar eftir við sveitarstjóra að hann kynni fyrir foreldrum rétt þeirra og hvernig áframhaldandi framkvæmd geti orðið.

Fleira ekki gert, fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 22.40